

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Október 2007

Hlátur og grátur í Árósum

Þegar ég var kominn inn úr kuldanum og lagði af stað upp stigann í félagsheimilinu, heyrðist mér einhver vera að skæla á efri hæðinni. Ég hugsaði með mér að nú hefði sennilega kastast í kekki með góðum veiðifélögum og þeir kannski farið að rífast um það hvor hefði veitt stærri bleikju í Hlíðarvatni síðasta sumar, þótt það væri vissulega mjög ólíkt Ármönnum.

Og þegar ég kom inn í salinn, blasti við mér undarleg sjón. Þarna sat hópur fólks og grét í einum kór, það er að segja, það grét úr hlátri. Sá sem var að lesa upphátt fyrir hina varð að gera hlé á lestri sínum annað slagð til að þerra tár úr augum og safna aftur kröftum til að halda áfram. Þetta fólk var sem sagt allt að gráta úr hlátri og Stefán Bjarni Hjaltested, sem sá um upplesturinn, grét sýnu mest.

Mér hlýnaði um hjartarætur að verða vitni að þessari fínu stemningu í Árósum. Þarna sátu saman þrautreyndir Ármannaboltar á besta aldri og aðrir yngri sem ég hafði aldrei áður séð, kornungir menn á mínum aldri. Ég hugsaði með mér að ekki bæri á öðru en að nýliðun í félaginu væri með ágætum.

Þegar mig bar að garði var Stefán Bjarni að lesa frásögn sem Guðni Kolbeinsson skrifaði fyrir allnokkrum árum í tímaritið Veiðimanninn um fræga ferð sem farin var í Kvíslaveitur undir leiðsögn Stefáns. Þetta varð mikil svaðilför þar sem menn ætluðu að veiða í púkk en það fékkst aðeins einn litill fiskur í ferðinni sem þótti ekki til skiptanna. Það var Guðmundur Helgi Guðmundsson heitinn sem veiddi fiskinn og fékk að hafa hann með sér heim óskiptan.

Undir lok þessarar ferðar var talað um að Stefán Bjarni Hjaltested



Sögumaðurinn Stefán kætti heldur betur geð þeirra sem á hlýddu.

væri nú orðinn vinalaus en hann staðhæfði þessa góðu kvöldstund í Árósum, mánudagskvöldið 15. október, að hann væri búinn að vinna aftur vináttu allra þeirra sem fóru í ferðina og við hljótum að trúa því. Lokaorð greinarinnar eru sögð vera upp úr gestabók skálans þar sem félagarnir gistu og eru ógleymanleg. Þau eru svona: Hingað kom hópur veiðimanna, héðan fór hópur manna.

Þetta er gott framtak að fá féлага til að standa fyrir upplestri á hnýtingakvöldum. Ég held að Örn Daniélsson eigi veg og vanda af þessu og sjálfur sá hann um upplesturinn mánudagskvöldið 22. október.

Stemningin sem myndast á upplestrarkvöldum sem þessum er svolítið lík því sem maður ímyndar sér að hafi verið á baðstofuloftunum í gamla daga, þegar einhver var látinn sjá um húsllesturinn. Líklega var þó aldrei hlegið svona mikið í þá daga þegar þulið var úr einhverri postullunni yfir hálfhungruðu heimilisfólki þeirra tíma.

Við skulum vona að það verði góð mæting á þessi upplestrarkvöld í vetur og þá má heldur ekki gleyma formlegri kynningum sem jafnan


eru afar forvitnilegar. Fyrsta kynningin af því tagi verður haldin miðvikudagskvöldið 14. nóvember þegar Magnús Jóhannsson fiskifræðingur ætlar að segja okkur frá rannsóknnum á sjóbirtingi og ef til vill svara einhverjum spurningum um það hvers vegna veiði hefur dalað sem raun ber vitni í Flóðinu í Grenlæk síðustu sumar.

Skorað hefur verið á Stefán Bjarna Hjaltested að blása nú til annarrar hópferðar Ármanna sumarið 2008 til að minnast þeirrar fyrri og einnig til að sannreyna hvort hann eigi jafnmarga vini og hann vill vera láta. Þá yrði farið á góðum langferðabíl í vötnin sunnan Tungnár og vonandi teldu ferðalangarnir sig ennþá til veiðimanna að þeirri ferð lokinni.

Okkur berast vonandi fljótlega nánari upplýsingar frá Guðmundi Hauki eða Stefáni Bjarna um fyrirhugaða ferð og ef hún mun að einhverju leyti jafnast á við Kvíslaveitufurðina forðum daga þá má búast við að miðar í rútna muni seljast upp á augabragði.

Ragnar Hólm Ragnarsson

Kletturinn við ána



Líklega eru um það bil tíu ár síðan ég kom héra fyrst.

Þá horfði ég yfir flóann í brakandi blíðu og sá hvernig flugurnar brutu sér leið upp úr vatnsskorpunni í þúsundatali neðst þar sem er dýpst og grængolandi.

Þann júlídag varði ég næstum því heilli vakt á þessum stað handviss um að fljótlega færi hann að taka.

Ég féll fyrir þessari fögru mynd og lét sem vind um eyru þjóta allt tal um að neðar við ána væri að finna miklu vænlegri veiðistaði.

Stundum er maður bara svo rómantískur að falla flatur fyrir fegurðinni þótt brjóstvitið segi manni að það muni engan árangur bera.

Því nokkru neðar við ána eru veiðistaðir þar sem urrdinn á það

til að koma í flokkum upp á hraunhrygginn í miðri ánni og leika sér að því að rista yfirborðið með bakuggunum til að hvekkja taugatrekktan veiðimann sem hugsar með sér að hann hefði átt að hlusta betur á kennarann í kastkennslunni.

Eitt af hverjum þrjátíu köstum lukkast sæmilega ef vindátt er hagstæð og þá er fiskur á. Þegar gengið er aftur upp með ánni, ef til vill með tvo silunga krækta á fingur hægri handar, logar sviðinn í kastöxlinni og maður prísar sig sælan að enginn var að horfa – líklega voru aðfarirnar við lengdarköstin ekki glæsilegar.

En efst á þessu veiðisvæði er flóinn sem fer gjarnan með menn í gönur. Þar tifa lítil óðinshanahjón

við marbakkann og í djúpinu búa að öllum líkindum sýlspikaðir fiskar.

Þetta er fallegur flói sem blekkti mig aftur til fylgilags við sig síðasta sumar eftir tíu ára hlé. Undanfarið ár hef ég látið nægja að horfa á hann af göngubrúnni en síðan strunsað niður eftir þangað sem urriðauggar skera vatnsborðið.

Í þetta sinn bar fegurðin veiðivitið ofurliði eina ferðina enn. Þegar of langt var liðið á vaktina til að það borgaði sig að rölja niður eftir í leit að betri veiðistað, ákvað ég að gefa urriðunum grið, settist niður og horfði í hrifningu á klettinn sem ber við norðurhimininn.

Ragnar Hólm Ragnarsson

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.
Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm Ragnarsson, ragnarh@akureyri.is.
Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf.
www.armenn.is / armenn@armenn.is

Stangalosari



Ritstjórnin skaust í Hlíðarvatn í september með formanninum og Ágústi Ú. Sigurðssyni. Þeir veiddu ekki bröndu en eftir túrinn sendi Ágúst þetta sendibréf ásamt með mynd til birtingar í Áróði.

Ágúst varð fyrir því óláni að ná ekki stönginni sinni í sundur þegar veiði lauk, en dó ekki ráðalaus og smíðaði sérstakan „stangalosara“ sem segir frá hér að neðan.

Þegar ég var að pakka saman í Hlíðarvatni um daginn, þá náði ég stönginni minni ekki sundur. Þess vegna fór ég heim með hana í heilu lagi, enda rúmgóður Pajeróinn. Eftir að hafa árangurslaust reynt hinar margvíslegustu stellingar og tilburði til að ná stönginni

sundur þá hugkvæmdist mér að smíða sérstakt áhald til verksins, stangalosara. Í stuttu máli, þá náði ég stönginni sundur, alveg óskemmdri með því að spenna stangalosarann utan um hana, rétt neðan við samskeytin, festa hann síðan í skrúfstykki og renna stönginni fram og til baka þannig að létt, en snörp högg komu á enda toppstykkisins. Meðfylgjandi mynd af stangalosaranum má birta í Áróði og er lesendum heimilt að nota hugmyndina og smíða sína eigin stangalosara eftir henni.

Stangalosarinn er gerður úr greni- lista, en má vafalaust nota flestar harðar viðartegundir í hann eða önnur mjúk smíðiefni. Upphaflega var aðeins gat sem passaði fyrir

stöngina mína. Hinum götunum ásamt vængjarónum bætti ég við seinna svo að hentaði fleiri stangagerðum. Nefnist það ekki vöruþróun?


Þar sem ég hef aldrei áður lent í svona hremmingum, þá eru líkurnar á að ég þurfi nokkru sinni aftur á stangalosaranum að halda harla litlar. Þess vegna ætla ég að koma honum í fóstur hjá vini mínum, Ásgeiri Halldórssyni í Sportvörugerðinni í Skipholti. Ég þykist vita að Ásgeir muni taka vel á móti öllum veiðimönnum sem til hans leita í raunum sem stangalosarinn getur læknað.

Ágúst Ú. Sigurðsson



Í Hlíðarvatni

Scientific
Anglers™



Helstu liðir vetrardagskrár 2007-2008

Miðvikudagskvöldið 14. nóvember kl. 20	Magnús Jóhannsson fiskifræðingur og deildarstjóri hjáVeidmálastofnun á Selfossi fræðir okkur um stöðu sjóbirtingsins í Grenlæk og víðar
Laugardagurinn 8. desember kl. 14	Jólasamkoma
Mánudagskvöldið 7. janúar kl. 22	Lokaskil veiðileyfaumsókna
Miðvikudagskvöldið 23. janúar kl. 20	Aðalfundur Ármanna
Mánudags-miðv.dags. 28.-30. jan. kl. 20-22	Afgreiðsla veiðileyfa
Laugardagurinn 2. febrúar kl. 20	Porrablótið
Laugardagurinn 19. apríl kl. 14	Vorblótið
Laugardagur og sunnudagur 26. og 27. apríl	Hlíðarvatnshreinsun

Og að venju

Mánudagskvöld kl. 20:00-22:00 verður opið hús til hnýtinga

Miðvikudagskvöld kl. 20:00-22:00 verður opið hús eða nánari auglýst dagskrá

Hvergi meira úrval af vönduðum veiðibúnaði



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760



SPORTBÚÐIN

Krókhálsi 5 – Sími 517 8050



VEIÐIHORNID

Síðumúli 8 – Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is